

87 aðeigandi söfnuði, möguleikar fyrir samsteypum prestakalla, er spari ríkissjóði álika 11. júní upphæð og um er að ræða til aukinna útgjalda með ákvæði þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

88

11. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Í lögreglusamþykktum má setja reglur um: Sölu og dreifingu hverskonar varnings utan sölubúða og að einstakar vörutegundir megi aðeins selja í búðum, sem fullnægja vissum skilyrðum; að leyfi bæjarstjórnar þurfi til þess að hafa fasta afgreiðslu bifreiða og annara flutningatækja á tilteknum stað eða í tilteknu húsnæði; að leyfi byggingarnefndar eða fulltrúa hennar þurfi til þess að setja upp föst skilti, auglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.